

9. gr.

Aðalfundur skal haldinn einu sinni ári. Á aðalfundi skal oddamaður kjörinn í stjórn og endurskoðaður ársreikningur undanfarandi árs lagður fram.

Rétt til setu á aðalfundi hafa stjórnarmenn skv. 7. gr.

Að öðru leyti hittist stjórnin eftir þörfum. Stjórninni er heimilt að setja sér starfsreglur.

10. gr.

Skipulagsskrá þessari má breyta á aðalfundi Minningarsjóðsins en þarf þá aukinn meiri-hluta til eða 2/3 hluta stjórnar.

11. gr.

Skipulagsskrá þessi kemur í stað skipulagsskrár sjóðs Heklu hf. til minningar um hjónin Rannveigu Ingimundardóttur og Sigfús Bjarnason.

12. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari, svo og á breytingum, sem kunna að verða gerðar á henni sbr. 10. gr.

Ákvæði til bráðabirgða.

Breytingar þessar taka gildi frá og með 15. júlí 2005. Stjórnarmenn skv. 2. mgr. 7. gr. skulu koma saman eigi síðar en 10. júlí 2005 og tilnefna oddamann, formann sjóðsstjórnar og varamenn sína.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 15. júlí 2005.

F. h. r.

Hjalti Zóphóníasson.

Anna M. Karlsdóttir.

REGLUGERÐ**um breytingu á reglugerð nr. 866/2000 um aðskilnað fjarskiptaneta og kapalkerfa fyrir sjónvarp sem er í eigu sama lögaðila.**

1. gr.

2. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar fellur brott.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 75. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti með síðari breytingum staðfestist hér með og öðlast gildi við birtingu.

Samgönguráðuneytinu, 15. júlí 2005.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.